

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2015/1794

2018/EES/85/23

frá 6. október 2015

um breytingu á tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2008/94/EB, 2009/38/EB og 2002/14/EB og tilskipunum ráðsins 98/59/EB og 2001/23/EB, um farmenn (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFAR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum b-lið 2. mgr. 153. gr. í tengslum við b- og e-lið 1. mgr. 153. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar ⁽²⁾,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 153. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins geta Evrópuþingið og ráðið, í samræmi við almennu lagasetningarmeðferðina, innleitt, með tilskipunum, lágmarkskröfur sem komið verði til framkvæmda í áföngum með það að markmiði að bæta vinnuskilyrði og upplýsingamiðlun til starfsmanna og samráð við þá. Í slíkum tilskipunum skal forðast að leggja á óhóflegan kostnað eða setja hömlur á sviði stjórnsýslu, fjármála eða löggjafar sem staðið gætu í vegi fyrir stofnun og vexti lítilla og meðalstórra fyrirtækja, sem eru drifkrafturinn í sjálfbærum vexti og störfum.
- 2) Tilteknir farmenn eru annaðhvort undanskildir frá gildissviði tilskipana Evrópuþingsins og ráðsins 2008/94/EB ⁽⁴⁾, 2009/38/EB ⁽⁵⁾ 2002/14/EB ⁽⁶⁾ og tilskipana ráðsins 98/59/EB ⁽⁷⁾ og 2001/23/EB ⁽⁸⁾ eða aðildarríkjum er heimilt að undanskilja þá.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtfð. ESB L 263, 8.10.2015, bls. 1. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 258/2018 frá 5. desember 2018 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtfð. ESB C 226, 16.7.2014, bls. 35.

(2) Stjtfð. ESB 174, 7.6.2014, bls. 50.

(3) Afstaða Evrópuþingsins frá 8. júlí 2015 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 18. september 2015.

(4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/94/EB frá 22. október 2008 um vernd til handa launþegum verði vinnuveitandi gjaldþrota (Stjtfð. ESB L 283, 28.10.2008, bls. 36).

(5) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/38/EC frá 6. maí 2009 um stofnun evrópsks samstarfsráðs eða samþykkt reglna í fyrirtækjum og fyrirtækjasamstæðum, er starfa á Bandalagsvísu, varðandi upplýsingamiðlun til starfsmanna og samráð við starfsmenn (Stjtfð. ESB L 122, 16.5.2009, bls. 28).

(6) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/14/EB frá 11. mars 2002 um almennan ramma um upplýsingamiðlun til og samráð við starfsmenn innan Evrópubandalagsins (Stjtfð. EB L 80, 23.3.2002, bls. 29).

(7) Tilskipun ráðsins 98/59/EB frá 20. júlí 1998 um samræmingu laga aðildarríkjanna um hópuppsagnir (Stjtfð. EB L 225, 12.8.1998, bls. 16).

(8) Tilskipun ráðsins 2001/23/EB frá 12. mars 2001 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launamanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta fyrirtækja eða atvinnurekstrar (Stjtfð. EB L 82, 22.3.2001, bls. 16).

- 3) Í orðsendingu sinni frá 21. janúar 2009 sem ber yfirskriftina „Stefnumótandi markmið og tilmæli vegna stefnu Evrópusambandsins í sjóflutningum til ársins 2018“ lagði framkvæmdastjórnin áherslu á mikilvægi þess að samþættur lagarammi yrði settur í þeim tilgangi að gera siglingageirann samkeppnishæfari.
- 4) Ef fyrir liggja undanþágur og/eða mögulegt er að taka þær upp getur það komið í veg fyrir að farmenn geti nýtt sér að fullu rétt sinn til sanngjarnra og réttlátra vinnuskilyrða og rétt til upplýsingamiðlunar og samráðs, eða takmarkað að þessara réttinda sé neytt að fullu. Að svo miklu leyti sem ekki er hægt að réttlæta á hlutlægan hátt að fyrir liggja undanþágur og/eða að unnt sé að taka þær upp og farmenn njóta ekki jafnrar meðferðar ætti að fella brott ákvæði sem leyfa slíkar undanþágur.
- 5) Núverandi réttarstaða, að nokkru tilkomin vegna hinna sérstöku aðstæðna í farmennskunni, hefur í för með sér að hin ýmsu aðildarríki meðhöndla starfsmenn í sömu starfsstétt með ólíkum hætti, eftir því hvort þau nýta sér undanþágurnar og valkvæðar undanþágur sem gildandi löggjöf veitir. Umtalsverður fjöldi aðildarríkja hefur ekki nýtt sér þessar valkvæðu undanþágur eða einungis að takmörkuðu leyti.
- 6) Í orðsendingu sinni frá 10. október 2007 sem ber yfirskriftina „Samþætt stefna Evrópusambandsins í málefnum hafsins“ útskýrði framkvæmdastjórnin að slík stefna væri byggð á skýrri viðurkenningu á því að öll mál sem tengdust úthöfum og hafsvæðum Evrópu væru tengd og að stefnumál sem tengjast hafsvæðum verði að þróa sameiginlega til að ná megi fyrirhuguðum árangri. Hún lagði einnig áherslu á þörfina á að auka fjölda og gæði starfa við siglingar fyrir borgara Sambandsins og mikilvægi þess að bæta vinnuskilyrði um borð, m.a. með því að fjárfesta í rannsóknum, menntun, þjálfun, heilsuvernd og öryggismálum.
- 7) Þessi tilskipun er í samræmi við áætlunina Evrópa 2020 og atvinnumarkmið hennar og einnig áætlunina sem framkvæmdastjórnin setti fram í orðsendingu sinni frá 23. nóvember 2010 sem ber yfirskriftina „Áætlun um nýja færni og störf: Framlag Evrópu til atvinnu fyrir alla“.
- 8) Hið svokallaða bláa hagkerfi er umtalsverður hluti af hagkerfi Sambandsins hvað varðar störf og vergan virðisauka.
- 9) Í samræmi við 2. mgr. 154. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins hefur framkvæmdastjórnin haft samráð við aðila vinnumarkaðarins á vettvangi Sambandsins um hugsanleg stefnumið fyrir aðgerðir Sambandsins á þessu sviði.
- 10) Aðilar vinnumarkaðarins í siglingageiranum hafa náð sameiginlegan skilningi innan ramma skoðanaskipta sín í milli en það hefur verulega þýðingu að því er varðar þessa tilskipun. Þessi sameiginlegi skilningur skapar gott jafnvægi milli þeirrar þarfar að vinnuskilyrði farmanna séu bætt og þeirrar þarfar að tekið sé tilhlýðilegt tillit til sérkenna geirans.
- 11) Með tilliti til sérstakra aðstæðna í siglingageiranum og sérstakra vinnuskilyrða starfsmannanna sem verða fyrir áhrifum af undanþágunum, sem falla brott með þessari tilskipun, er nauðsynlegt að aðlaga sum ákvæði tilskipananna, sem er breytt með þessari tilskipun, til að þau taki til sérstakra eiginleika viðkomandi geira.
- 12) Með hliðsjón af tækniþróun síðustu ára, einkum er varðar fjarskiptatækni, ætti að uppfæra kröfur um upplýsingamiðlun og samráð og nota þær með þeim hætti sem best á við, þ.m.t. með því að nota nýja tækni fyrir fjarskipti og með því að auka aðgengi að Netinu og tryggja viðeigandi notkun þess um borð í því skyni að bæta framkvæmd þessarar tilskipunar.
- 13) Þetta ætti ekki að hafa áhrif á réttindi farmanna, sem þessi tilskipun tekur til, sem aðildarríkin veita samkvæmt landslöggjöf um framkvæmd tilskipana 2008/94/EB, 2009/38/EB, 2002/14/EB, 98/59/EB og 2001/23/EB. Ekki ætti að vera unnt að bera fyrir sig framkvæmd þessarar tilskipunar til að réttlæta afturför á þessu sviði frá því sem nú úðkast í aðildarríkjunum.
- 14) Markmiðið með samþykkt Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar um vinnuskilyrði farmanna frá 2006 er að farmenn njóti bæði mannsæmandi starfsskilyrða og lífskjara með því að setja kröfur um heilsuvernd og öryggi, sanngjarna skilmála um atvinnu og starfsþjálfun og að tryggja örugga og sanngjarna samkeppni fyrir skipaeigendur með beitingu samþykktarinnar á heimsvísu, auk þess að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði á alþjóðavettvangi með tilliti til sumra, þó

ekki allra, réttinda starfsmanna án tillits til ríkisfangs eða fána sem skipið siglir undir. Þessi samþykkt, tilskipun ráðsins 2009/13/EB ⁽¹⁾ og tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2009/16/EB ⁽²⁾ og 2013/54/ESB ⁽³⁾ mæla fyrir um rétt farmanna til að njóta mannsæmandi vinnuskilyrða á hinum ýmsu sviðum, veita samræmd réttindi og vernd á vinnustað fyrir farmenn og stuðla að jöfnum samkeppnis-kilyrðum, m.a. innan Sambandsins.

- 15) Sambandið ætti að leitast við að bæta starfsskilyrði og lífskjör um borð í skipum og nýta möguleika á nýsköpun til þess að gera siglingageirann meira aðlaðandi fyrir farmenn í Sambandinu, þ.m.t. unga starfsmenn.
- 16) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að bæta starfsskilyrði farmanna og upplýsingamiðlun og samráð við þá, og þeim verður þar af leiðandi, vegna umfangs og áhrifa aðgerðarinnar, betur náð á vettvangi Sambandsins, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná því markmiði.
- 17) Með tilskipun þessari eru grundvallarréttindi virt og meginreglum, sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, fylgt, einkum rétturinn til sanngjarnra og réttláttra starfsskilyrða og upplýsingamiðlunar og samráðs innan fyrirtækisins. Þessari tilskipun ætti að koma til framkvæmda með hliðsjón af þessum réttindum og meginreglum.
- 18) Því ber að breyta tilskipunum 2008/94/EB, 2009/38/EB, 2002/14/EB, 98/59/EB og 2001/23/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breyting á tilskipun 2008/94/EB

Í stað 3. mgr. 1. gr. tilskipunar 2008/94/EB komi eftirfarandi:

„3. Ef slík ákvæði eru nú þegar í landslögum er aðildarríkjunum heimilt að undanskilja áfram heimilisþjóna í þjónustu einstaklinga frá gildissviði þessarar tilskipunar.“

2. gr.

Breytingar á tilskipun 2009/38/EB

Tilskipun 2009/38/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Í 1. gr. falli 7. mgr. brott.
- 2) Eftirfarandi undirgreinar bætast við 3. mgr. 10. gr.:

„Fulltrúi í sérstöku samningaráði eða Evrópska samstarfsráðinu, eða varamaður slíks fulltrúa, sem tilheyrir áhöfn hafskips, skal eiga rétt á að taka þátt í fundi sérstaks samningaráðs eða Evrópska samstarfsráðsins eða hverjum öðrum fundi samkvæmt fyrirkomulagi, sem komið er á skv. 3. mgr. 6. gr., ef sá fulltrúi eða varamaður er ekki á sjó eða í höfn í öðru landi en þar sem skipafélagið hefur staðfestu, þegar fundurinn fer fram.

⁽¹⁾ Tilskipun ráðsins 2009/13/EB frá 16. febrúar 2009 um framkvæmd samnings sem Samtök skipaeigenda í Evrópubandalaginu (ECSA) og Samband félaga flutningaverkamanna í Evrópu (ETF) hafa gert með sér um samþykktina um vinnuskilyrði farmanna, 2006, og um breytingu á tilskipun 1999/63/EB (Stjtíð. ESB L 124, 20.5.2009, bls. 30).

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/16/EB frá 23. apríl 2009 um hafnarrikiseftirlit (Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 57).

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/54/ESB frá 20. nóvember 2013 um tiltekna skyldur fánaaðildarríkis til að fara að og framfylgja samþykktinni um vinnuskilyrði farmanna, 2006 (Stjtíð. ESB L 329, 10.12.2013, bls. 1).

Fundir skulu, þegar mögulegt er, vera skipulagðir þannig að það auðveldi þátttöku fulltrúa eða varamanna sem tilheyra áhöfnum hafskipa.

Í þeim tilvikum þegar fulltrúar að sérstöku samningaráði eða Evrópska samstarfsráðinu, eða varamaður slíks fulltrúa, sem tilheyrir áhöfn hafskips, getur ekki setið fund skal íhuga möguleikann á að nota, ef hægt er, nýja upplýsinga- og fjar-skiptatækni.“

3. gr.

Breyting á tilskipun 2002/14/EB

Ákvæði 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 2002/14/EB falli brott.

4. gr.

Breytingar á tilskipun 98/59/EB

Tilskipun 98/59/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Í 2. mgr. 1. gr. falli c-liður brott.
- 2) Eftirfarandi undirgrein bætist við á eftir annarri undirgrein 1. mgr. 3. gr.:

„Þegar áætlaðar hópuppsagnir varða einhverja úr áhöfn hafskips skal vinnuveitandinn tilkynna það lögbæru yfirvaldi þess fánaríkis sem skipið siglir undir.“

5. gr.

Breyting á tilskipun 2001/23/EB

Í stað 3. mgr. 1. gr. tilskipunar 2001/23/EB komi eftirfarandi:

„3. Þessi tilskipun gildir um aðilaskipti að hafskipi sem er hluti aðilaskipta að fyrirtæki, atvinnurekstri eða hluta fyrirtækis eða atvinnurekstrar í skilningi 1. og 2. mgr. svo fremi að framsalshafi eða viðkomandi fyrirtæki, atvinnureksturinn eða hluti fyrirtækis eða atvinnurekstrar verði áfram staðsett innan gildissvæðis sáttmálans.

Þessi tilskipun gildir ekki ef aðilaskiptin felast einvörðungu í aðilaskiptum að einu hafskipi eða fleiri.“

6. gr.

Verndarstig

Framkvæmd þessarar tilskipunar skal ekki í neinum tilvikum teljast næg ástæða til að draga úr almennu verndarstigi einstaklinga sem þessi tilskipun tekur til og aðildarríkin hafa þegar veitt á sviðum sem tilskipanir 2008/94/EB, 2009/38/EB, 2002/14/EB, 98/59/EB og 2001/23/EB taka til.

7. gr.

Skýrslugjöf framkvæmdastjórnarinnar

Framkvæmdastjórnin skal, að höfðu samráði við aðildarríkin og aðila vinnumarkaðarins á vettvangi Sambandsins, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um framkvæmd og beitingu 4. og 5. gr. eigi síðar en 10. október 2019.

8. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 10. október 2017. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni texta helstu ákvæða í landslögum sem þau samþykkja á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

9. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

10. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 6. október 2015.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

M. SCHULZ

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

N. SCHMIT

forseti.
